

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
LAUGAVEGI 7 • P.O.Box 107 • 121 REYKJAVÍK
SÍMI: 552 2720 • FAX: 552 2721 • TPÓSTUR: ICEHR@HUMANRIGHTS.IS

pski. 665 - 410. mál
126. föggj. þing 2000-2001

ALLSHERJARNEFND ALPINGIS
NEFNDASVIÐ ALPINGIS

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993.

Reykjavík, 29. mars 2001

Mannréttindaskrifstofan hvetur eindregið til þess að ofangreint frumvarp verði ekki samþykkt.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögleidd verði mismunun gagnvart fólki eftir ríkisborgararétti þess hvað varðar hjúskaparlög, að ólíkar reglur skuli gilda þar um íslenska og erlenda ríkisborgara. Vert er að minna á að slík mismunun er andstæð 65. grein stjórnarskrárinnar.

Mannréttindaskrifstofan mælir eindregið gegn því að sett verði sérstök lög um erlenda ríkisborgara sem dvelja löglega í landinu á einhverjum afmörkuðum sviðum eins og lagt er til í þessu tilfelli varðandi hjúskaparlög. Ástæða er til að vara við því að þetta skref verði stigið þar sem það felur í sér aðgreiningu á fólki í íslendinga og útlendinga, þó um sé að ræða fólk sem er löglega stadd í landinu, þetta er til þess fallið að ala af sér fordóma í garð útlendinga og tortryggni gagnvart þeim.

12. viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu var undirritaður fyrir hönd Íslands í Rómarborg hinn 4. nóvember árið 2000. Í inngangi viðaukans segir að hann sé undirritaður af aðildarríkjunum með það grundvallar viðmið í huga sem kveður á um að "allir skuli vera jafnir fyrir lögum og skuli njóta sömu verndar samkvæmt lögum."

Efnisgrein viðaukans er aðeins ein og felur hún í sér almennt bann gegn mismunun. Þar segir í fyrstu málsgrein eftirfarandi:

"Virðing fyrir réttindum sem kveðið er á um í lögum skal vera tryggð án nokkurrar mismununar svo sem byggðri á kyni, kynþætti, litarhætti, tungumáli, trúarbrögðum,


stjórnmálaskoðunum eða öðrum skoðunum, þjóðerni eða félagslegum uppruna, tengslum við þjóðernisminnihlutahóp, eignum, uppruna eða annari stöðu.”

Í annari málsgrein greinarinnar segir enn fremur “Engum skal mismunað af neinum opinberum aðila af ástæðum sem þeim sem nefndar eru í fyrstu málsgrein.”

Mannréttindaskrifstofan hvetur Alþingi til þess að hafa efni ofangreinds 12. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu í huga við umfjöllun um frumvarpið og áréttar þá skoðun sína að umrætt frumvarp sé í andstöðu við ákvæði um bann við mismunun sem er að finna í stjórnarskrá Íslands sem og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Mannréttindaskrifstofan telur óþarflega langt gengið með þessu frumvarpi og hvetur til þess að áfram gildi sömu lög um íslenska og erlenda ríkisborgara er varða könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Virðingarfyllt,


Bjarney Friðriksdóttir
framkvæmdastjóri